

Á eyðublaði þessu skal gerð grein fyrir hlutabréfakaupum starfsmanna hlutafélags samkvæmt kaupréttarsamningi sem gerður hefur verið samkvæmt samþykkttri kaupréttaráætlun, sbr. 9. gr., 10. gr. og 10. gr. a. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Tekjur samkvæmt 9. gr. laganna koma til skattlagningar þegar starfsmaður selur hlutabréfin. Teljast þær mismunur á upphaflegu kaupverði og söluverði þeirra. Sá mismunur telst ekki til rekstrarkostnaðar í skilningi 31. gr. laganna.

Tekjur vegna kaupa manns á hlutabréfum samkvæmt kauprétti skulu samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skattlagðar sem fjármagnstekjur samkvæmt C-lið 7. gr. laganna sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Kaupréttur að hlutabréfum eða hlutum í viðkomandi félagi hafi náð til allra starfsmanna. Hlutabréfum og hlutum starfsmanna skulu fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum eða hlutum félags.
2. Starfsmaður hafi verið í föstu starfi hjá félaginu eða í öðru félagi í sömu félagasamstæðu, sbr. lög nr. 3/2006, um ársreikninga.
3. Að lágmarki 12 mánuðir þurfa að líða frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur.
4. Kaupverð sé eigi lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hluti/hlutabréf félags tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag ef slík viðskipti hafa verið skráð í kauphöll. Ef slík skráning hefur ekki átt sér stað skal miða við gangverð eins og það er skilgreint í 9. gr.
5. Starfsmaður eigi hlutabréfin eða hlutina í tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur.
6. Samningur um kauprétt sé ekki framseljanlegur.
7. Hámark kaupa hvers starfsmanns sé samanlagt 1.500.000 kr. á ári miðað við kaupverð samkvæmt samningi.
8. Félag sem hefur í hyggju að veita starfsmönnum kauprétt hafi sent ríkisskattstjóra fyrir fram til staðfestingar áætlun um kauprétt starfsmanna ásamt upplýsingum um framangreind atriði í því formi sem hann ákveður, sbr. leiðbeiningar ríkisskattstjóra um áætlanir sem veita starfsmönnum rétt kauprétt á hlutabréfum og staðfestingu ríkisskattstjóra á þeim áætlunum sem finna má á vefnum **skatturinn.is**

Samkvæmt 10. gr. a. skulu tekjur starfsmanna og stjórnarmanna skv. 9. gr. vegna nýtingar kaupréttar í sprotafyrirtækjum, sbr. 9. másl. 2. mgr. 18. gr., skattlagðar sem fjármagnstekjur skv. C-lið 7. gr. sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Sprotafyrirtækið hafi fengið staðfestingu Rannís, sbr. 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, áður en kaupréttarsamningur var gerður og vinnuframlag þess sem fær kauprétt tengist eingöngu framkvæmd á hinu staðfesta verkefni.
2. Að lágmarki 18 mánuðir þurfi að líða frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur.
3. Kaupverð samkvæmt kaupréttarsamningi sé eigi lægra en gangverð við gerð samnings eða, sé gangverð ekki til staðar, bókfært virði eigin fjár samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi.
4. Samningur um kauprétt sé ekki framseljanlegur og nái ekki til lengri tíma en átta ára.

Ákvæði greinar 10. a. tekur einnig til tekna af kaupréttum sem einstaklingum eru veittir fyrir þjónustu þeirra við sprotafyrirtæki. Skilyrði er að heildarvirði veittrar þjónustu sé ekki umfram 2 millj. kr. á 12 mánaða tímabili og forsendur verðs komi skýrt fram í samningi.

Ákvæði greinar 10. a. tekur ekki til samninga þar sem sprotafyrirtækið, eða tengdur aðili, er skuldbundið að gera upp samning með útborgun eða kaupa innleyst bréf, nema ljóst sé að um eðlilega og venjubundna aðgerð sé að ræða við þær aðstæður.

Í lok hvers árs skal senda ríkisskattstjóra upplýsingar um þá starfsmenn sem hafa nýtt kauprétt á árinu samkvæmt staðfestri áætlun ásamt upplýsingum um kaupverð bréfanna. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Kaup á hlutabréfum samkvæmt framansögðu veita ekki rétt til frádráttar frá tekjum samkvæmt 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna.